

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síduskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016-2017 01.01. 2017 6. bréf

Kæru nemendur og foreldrar, gleðilegt nýtt ár!

Nú hefur árið 2016 kvatt okkur og árið 2017 heilsað með nýjum áskorunum og verkefnum. Á komandi mánuðum verður mikið um að vera hjá okkur. Í næstu viku verða Öðruvísi dagar en þá skipuleggur nemendaráð skólans. Þessa daga munum við fylgja einhverju þema fyrir hvern dag og má sjá fyrirkomulagið hér fyrir neðan. Við munum svo halda 20.000 hrósmiða hátíðina okkar núna í janúar en hana höldum við einu sinni á ári í tilefni þess að allur skólinn hefur í sameiningu safnað 20.000 hrósmiðum. Þessu takmarki náðum við í desember en ákváðum að fresta hátíðinni þar sem mikið var um að vera í jólamánuðinum.

Við viljum minna á að ábyrg og örugg netnotkun er eitthvað sem allir foreldrar þurfa að huga að varðandi börnin sín. Á heimasíðu SAFT (www.saft.is) geta foreldrar fundið ýmsar upplýsingar og heilræði sem er ætlað að styðja þá í því að börnin þeirra umgangist netið á jákvæðan og öruggan hátt.

Í skólann til okkar er kominn danskur farkennari sem heitir Vivi Kjær-Madsen og bjóðum við hana velkomna til okkar. Vivi mun fylgja dönskukennurunum Helgu Dögg og Sonju í dönskutímum. Breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum. Ævar Þór Bjarnason skólaliði sagði starfi sínu lausu fyrir áramótin og er kominn nýr baðvörður í hans stað. Hann heitir Almar Vestmann og bjóðum við hann velkominn í hópinn. Við óskum Ævar góðs gengis á nýjum vettvangi.

Við hér í skólanum lítum björtum augum til komandi árs og sameiginlega tökumst við á við þau verkefni sem bíða okkar. Við verðum að muna að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera starfið í skólanum okkar sem árangursríkast, því saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.

Bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári og megi nýtt ár taka á móti okkur með bros á vör!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Hitt og þetta

Skrifstofa Síduskóla er opin sem hér segir:

Mánudaga - föstudaga: 07:45 - 16:00.

Sími skólans er 462-2588, netfang siduskoli@akureyri.is

Beinn sími í Frístund: 461-3473.

Við viljum minna foreldra á að tilkynna veikindi fyrir kl. 8:00, en einnig er hægt að tilkynna veikindi á Mentor.

Skólinn hvetur foreldra til að hafa samband ef eitthvað er óljóst varðandi skólastarfið.

Lykilhæfnipættir sem verða metnir hjá nemendum þetta skólaár eru:

- ♦ **Virgni í samvinnu**
- ♦ **Þrautseigja**
- ♦ **Sjálfstæði og ábyrgð**
- ♦ **Tjáning og miðlun upplýsinga**

Á döfinni í janúar:

3. jan.	Skipulagsdagur
4. jan.	Skólastarf hefst skv. Stundaskrá
9. jan.	Öðruvísi dagur— Íþróttaföt
10. jan.	Öðruvísi dagur — Strákaföt - stelpuföt andstætt kyn
11. jan.	Öðruvísi dagur — Rauður dagur
12. jan.	Öðruvísi dagur — Náttfatadagur
13. jan.	Öðruvísi dagur — Sparifatadagur
20. jan.	Söngsalur — 3. og 8. bekkur velja lög
11. - 18. jan.	Frammistöðumat opið
23. - 24. jan.	Viðtalsdagar í 1. - 10. bekk.

Janúarmánuður er tileinkaður virðingu

Í Síduskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

Regla mánaðarins er:

„Við virðum eigur annarra og göngum vel um,,



Lesferill

Lesferill er nýtt matstæki frá Menntamálastofnun sem metur læsi. Grunnprófin er svokölluð lesfimiþróf sem meta leshraða og eru lögð fyrir alla nemendur í 1. - 10. bekk reglulega til að meta stöðu nemenda. Talin eru lesin orð á mínútu og gefin hafa verið út viðmið um árangur, þ.e. orðafjöldi á mínútu að vori í hverjum árgangi. Í Síðuskóla litum við dálkana og höldum skrá yfir alla nemendur og hvernig leshraðinn þróast. Ef leshraðinn nær ekki almennum viðmiðum, grænum, þarf að gera frekari ráðstafanir sem felast m.a. í að auka lestur nemenda heima. Á hverju skólaári eru þrjú lesfimiþróf, í september, janúar og maí. Þeir sem náð hafa almennum og framúrskarandi leshraða taka ekki öll prófin.

Í janúar verður próf númer tvö í Lesferli þetta skólaárið og nú er óskandi að sem flestir komist í átt að settu marki.

Heimalestur er mikilvæg þjálfun og með tímanum verður lesturinn það lipur að hægt er að lesa sér til ánægju. Gott er að lesa heima að lágmarki 15-20 mínútur fimm sinnum í viku og sumir þurfa enn meiri þjálfun. Til að þjálfa lesskilning er gott að spyrja börnin út í textann sem verið er að lesa og spyrja hvað þau haldi að gerist næst í sögunni.



Orð á mínútu

	Lágmarksviðmið ið	Almenn viðmið	Metnaðarfull viðmið
	90%	50%	25%
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Nær ekki lágmarksviðmiðum

Frammistöðumat og viðtalsdagar

Þann 11. janúar verður opnað fyrir frammistöðumat í mentor. Foreldrar eða nemendur fara inn á sínum aðgangi og færa inn matið sem verður með sama formi og í október. Mikilvægt er að foreldrar skoði þetta með börnum sínum og veiti aðstoð við að leggja mat á ástundun náms í skólanum. Þarna gefst nemendum tækifæri til að koma sínum skoðunum varðandi skólastarfið á framfæri og hvernig þeir upplifa sig í leik og starfi. Síðasti dagurinn til að fylla út frammistöðumatið er 18. janúar en fimmtudaginn 19. janúar birtist mat kennara til samanburðar.

Foreldraviðtöl verða mánudaginn 23. janúar og þriðjudaginn 24. janúar. Foreldrar og nemendur mæta saman í viðtölin en foreldrar bóka sjálfir viðtöl þegar þeim hentar best. Opnað verður fyrir skráningu í viðtöl 11. janúar. Ef ekki verður búið að bóka viðtal 19. janúar munu umsjónar-kennarar úthluta foreldrum tíma þessa daga.

Úr skólalífinu

Skólinn hófst aftur eftir jólafrí í gær. Ekki var annað að sjá en að nemendur í 1. bekk væru ánægðir að mæta aftur í skólann eins og þessar myndir bera með sér, en þær voru teknar í tíma í morgun.



Margir skóla nota skólapúlsinn í sjálfsmati eða innra mati en skólapúlsinn heldur utan um kannanir fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Á hverju ári fara allir nemendur í 6. bekk og eldri í svokallaða nemendakönnun. Starfsmenn og foreldrar hafa einnig svarað könnun árlega en ákveðið hefur verið að leggja þær kannanir fyrir á tveggja ára fresti framvegis. Foreldrakönnun verður nú í febrúar 2017 en mikilvægt er að þeir foreldrar sem lenda í úrtaki svari. Skólinn fær ekki birtar niðurstöður nema ákveðnu hlutfalli sé náð. Núna hefur helmingur nemenda í 6. bekk svarað könnun skólapúlsins og má sjá niðurstöður á heimasíðu skólans. Eins má sjá niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum síðustu ára á heimasíðu skólans http://www.siduskoli.is/is/page/mat_a_skolastarfi.

MATSEÐILL - janúar 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		4. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	5. Soðið slátur, kartöflumús, ávextir	6. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
9. Hakk, spaghetti, snittubrauð	10. Bleikja, kartöflur, ferskt grænmeti, ostasósa, ávextir	11. Krebinettur, kartöflur, rauðkál, gr. Baunir	12. Marineraður fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	13. Súpa, brauð, ávextir
16. Fiskiklattar, kartöflur, grænmeti, st. Laukur, ávextir	17. Kjötsúpa	18. Makkarónur, salatbar Val nemenda	19. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, grænmeti, ávextir	20. Pottréttur, hrísgrjón, snittu-brauð
23. Viðtöl - Fristund opin	24. Viðtöl - Fristund opin	25. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	26. Píta m/hakki, grænmeti, sósa	27. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
30. Hakkað buff, kartöflur, gr. baunir, lauksósa	31.			

UM ENDURSKINSMERKI

Með notkun endurskinsmerkja er hinn almenni vegfarandi að auka öryggi sitt til muna. Hann sést fimm sinnum fyrir þegar hann lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Best er að velja fatnað sem er með endurskini á. Ef endurskin er ekki til staðar á fatnaðinum þarf að hafa laus endurskinsmerki á sér. Endurskinsmerkin þurfa að vera þannig staðsett að ljósgeisli frá bíl falli á þau hvort sem bíllinn kemur á móti eða aftan að vegfaranda.

Staðsetning endurskinsmerkja

Endurskinsmerki þurfa að vera neðarlega og sjást frá öllum hliðum. Hangandi endurskinsmerki er best að setja fyrir neðan mitti, eitt á hvora hlið. Allar skólatöskur/bakpokar eiga að vera með endurskinsmerki. Á barnavögnum er best að hafa endurskin á öllum hliðum.

Sótt af vef Slysavarnarfélagsins Landsbjargar www.landsbjorg.is

FRÍSTUND OG MÖTUNEYTI

Frá og með áramótum hækkar gjaldskrár Frístundar og mötuneytis. Það þýðir að verð á máltíð í annaraskrift verður kr. 427 og 573 kr. stök máltíð. Fast mánaðargjald í Frístund er 7.360.- (20 klst). Hver klukkustund umfram það kostar kr. 368. Síðdegishressing kostar 135 kr. *Sjá nánar á http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/Gjaldskrar2017/verdskra-fristund-og-skolamaltidir-1.-jan2017.pdf*